

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 120/2014****2014/EES/71/08****frá 27. júní 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/10/ESB frá 19. mars 2013 um breytingu á tilskipun ráðsins 75/324/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa til þess að aðlaga ákvæði hennar um merkingu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 91, 3.4.2013, bls. 16.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 75/324/EBE) í VIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 L 0010**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/10/ESB frá 19. mars 2013 (Stjtið. ESB L 77, 20.3.2013, bls. 20), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 91, 3.4.2013, bls. 16.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/10/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 91, 3.4.2013, bls. 16, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 77, 20.3.2013, bls. 20.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.